

Skólanefnd Garðabæjar
Garðatorgi 7
Garðabær

Garðabær 11. nóvember 2014

Mælingar á læsi:

Helstu greiningar og próf sem unnið eru með í vetur eru:

- Lestrarpróf, leshraði og lestrarnákvæmni er lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið
- Hljóðfærniþróf, lagt fyrir 1. bekk
- LTL; Leið til læsis í 1.-4. bekk
- Lesskilningsþróf Orðarún, 2.-7. bekkur
- Samræmd skimunarþróf í 4, 7, og 10. bekk.

PALS lestrarkennsluaðferð var innleidd í Sjálalands skóla haustið 2013. Allir kennara skólans hafa lokið námskeiði í lestraraðferðinni. Notuð er PALS lestrarkennsluaðferð í 1. - 7. Bekk, stuðst er við aðferðina í tungumála og bóknámi í unglingadeild. PALS sem stendur fyrir *Þör að læra saman* er vel rannsökuð og árangursrík kennsluaðferð sem þjálfar lesfimi og lesskilningsaðferðir. Umsjónarkennari styðst við niðurstöður úr lestrarþrófum og parar saman nemendur, tvo og tvo saman. Unnið er stíft eftir kennsluleiðbeiningum. Nemendur eru prófaði í upphafi og við lok lotunnar.

Að vori fara fram skilafundir milli leik- og grunnskóla. Sérkennari, umsjónarkennari og aðstoðarskólstjóri sitja skilafundina. Leikskólinn afhendir niðurstöður úr Hljómþrófi. Sérkennari og umsjónarkennari styðst við niðurstöður úr Hljómþrófi frá leikskólanum sem leiðarvísi við upphaf lestrarnáms.

Í fyrstu viku skólaárs eru allir nýnemar lestrarþrófaðir og þeim skipt í lestrarhópa eftir lestrarfærni. Því næst hefst formleg sérkennsla hjá þeim nemendum sem á því þurfa að halda, ýmist einstaklingsleg kennsla eða kennsla í litlum hópum.

Fyrsta kennslustund á degi hverjum á yngsta stigi skólans er helguð íslensku og lestri. Þar starfa fjórir kennarar og einn leikskólakennari. Einnig starfa stuðningsfulltrúar með þeim nemendum sem þurfa á aukinni aðstoð að halda.

Í 3. -4.bekk starfa þrír umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúi. Lögð er mikil áhersla á lestur og er nemendum skipt í litla hópa eftir getu. Þá fylgir sérkennari eftir þeim nemendum sem á þurfa að halda.

Í 5. – 7. bekk starfa þrír umsjónarkennarar auk stuðningsfulltrúa og sérkennara. Lestrakennsla er stór þáttur í námi barnanna. Allir nemendur eru með lestrarbók að eigin vali sem þeir fá á bókasafni skólans. Þeir nemendur sem eru ekki orðnir læsir eða greindir með lesblindu halda áfram að fá auka lestrarkennslu hjá sérkennara.

Foreldrar fá fræðslu á kynningarfundum að hausti um mikilvægi heimalesturs og sameiginlegri ábyrgð foreldra og skóla. Foreldrar eiga að kvitta fyrir heimalestur og umsjónarkennarar halda utan um skráninguna og senda reglulega heim upplýsingar um stöðu heimalesturs. Allir nemendur í 1.-7. bekk eiga að lesa heima daglega í 15 – 20 mínútur eftir aldri. Á unglingastigi er lestur tengdur bóklegum greinum og bókmenntum.

Allir nemendur skólans eru hraðlestrarprófaðir þar til þeir hafa náð að lesa 200 atkv./mín.

Eftifarandi eru hraðaviðmið í raddlestri:

1. bekkur 0 – 50 atkvæði lesin á mínútu
2. bekkur 50 – 95 atkvæði lesin á mínútu
3. bekkur 95 – 150 atkvæði lesin á mínútu
4. bekkur 200 atkvæði lesin á mínútu
5. bekkur 230 atkvæði lesin á mínútu
6. bekkur 265 atkvæði lesin á mínútu

Helstu greiningar og próf í Sjálalandskóla:

- Lestrarpróf, leshraði og lestrarnákvæmni er lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið
- Hljóðfærnipróf, lagt fyrir 1. bekk
- LTL; Leið til læsis í 1.-4. bekk
- Lesskilningspróf Orðarún, 2.-7. bekkur
- Samræmd skimunarpróf í 4, 7, og 10. bekk.
- Logos, lestrargreiningarpróf
- Aston Index, stafsetningarhluti
- Ingvar Lundberg, Lespróunarviðmið